

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Punglyndislyf

ATC flokkur: N 06 AB - Sérhæfðir serótónín endurupptöku hemlar (SSRI lyf)
N 06 AX – Önnur þunglyndislyf

Dagsetning: 1. júní 2010

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC flokkunum N06AB og N06AX og eru þær B-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini.

Ef hagkvæmstu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Meðferð með hagkvæmstu lyfjunum hafi reynst ófullnægjandi í ráðlögðum skömmtum eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra.
- Þegar læknir metur svo að breyting á lyfjameðferð sem búið er að stilla sjúkling inn á, sé ekki réttlætanleg.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið notuð og í hve langan tíma.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

B-merkt

Gildistími:

3 ár